

Kirkjuþing 2020-2021.

31. mál - þskj. 31.

T I L L A G A

til þingsályktunar um Fréttabréf biskupsstofu og Víðförla, fréttablað kirkjunnar.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af Hreini S. Hákonarsyni.

Frsm. Hreinn S. Hákonarson.

Kirkjuþing 2020 beinir þeim tilmælum til kirkjuráðs að séð verði til þess að Fréttabréf biskupsstofu frá 1976-1977 og 1979-1982, og fréttablað kirkjunnar: Víðförli 1. árg., október 1982 og til loka útgáfu, þ.e. 29. árg., 1. tbl., desember 2009, verði innskönnuð og sett á vefinn timarit.is og á vef kirkjunnar, kirkjan.is

Greinargerð.

Fréttabréf biskupsstofu var gefið út í einföldu formi, „öðru hverju,“ eins og sagði í fyrsta blaðinu 1976, frá því ári og til 1982 (þó ekki 1978). Það geymir margar fróðlegar fréttir og frásagnir úr starfi kirkjunnar frá þeim tíma.

Víðförli (fréttablað kirkjunnar) var gefinn út af biskupsstofu í rúmlega aldarfjórðung. Um var að ræða mjög svo fjölbreytilegt blað sem flutti fréttir af starfi kirkjunnar, var oft á tíðum ríkulega myndskreytt, geymdi greinar og viðtöl og margt fleira. Segja má að myndir og mörg viðtölin séu merk saga sem eigi að vera öllum aðgengileg. Síðustu árin var það gefið út litprentað.

Vefurinn timarit.is hýsir fjölda blaða og tímarita úr ýmsum áttum. Eins og kunnugt er sprettur upp tilvísun til rita sem eru á timarit.is þegar leitað er í leitarvélum á netinu. Slíkt auðveldar mörgum þegar finna þarf einhverjar staðreyndir eða tilvísanir í fljótu bragði. Auk þess kjósa sumir einfaldlega að lesa gömul tímarit á margnefndum vef sér til ánægju og yndisauka.

Fréttabréf biskupsstofu er merkileg söguleg heimild um starf kirkjunnar þó í einföldu formi hafi verið. Víðförli er lifandi og fjölbreytileg kirkjusaga í máli og myndum og leið til að gera hana aðgengilega sem og Fréttabréf biskupsstofu er að koma hvoru tveggja á timarit.is og ætti kirkjan að hafa forgöngu um það.

Kostnaður:

Samkvæmt upplýsingum flutningsmanns kostar innskönnun á einu blaði (A-4) hjá Þjóðarbókhöðu 80 kr. Svo er að sjá sem bóksafn biskupsstofu eigi Víðförla frá upphafi, 1982, og til ársins 2007 – Þjóðarbókhlaðan á hann allan. Um er að ræða innbundnar bækur, og er Fréttabréfið í tveimur bókum, um 200 bls. $80 \times 200 = 16.000$.

Víðförli er í alls 8 bindum, um það bil 120 bls. hvert. $120 \times 8 \times 80 = 76.800$ kr. Samtals: 92.800.